

Ár 1984, miðvikudaginn 29. febrúar, var í málinu nr. 2/1984 kveðinn upp af Yfirfasteignamatshnefnd svohljóðandi

Úrskurður:

Með bréfi, dags. 24. janúar s.l., óskaði oddviti Leirár- og Melasveitar eftir úrskurði nefndarinnar um skyldu til að svara fasteignaskatti af kennaraíbúðum Heiðarskóla í Leirár- og Melahreppi. Er þar bæði átt við íbúðir í skólahúsinu og utan þess.


Mannvirki þau, sem hér er um að ræða, eru eign sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar, að Akraneskaupstað frátöldum.


Skýra verður 2. málgr. 5. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga og 2. málgr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt svo, að skólahúsnæði njóti eigi undanþágu frá fasteignaskatti að því leyti sem það er notað til íbúðar fyrir starfsfólk, annað en húsverði. Samkvæmt því ber að svara fasteignaskatti af umræddum kennaraíbúðum.


Samkvæmt 2. málgr. 4. gr. laga nr. 73/1980 ber eiganda að greiða umræddan skatt.

Úrskurðarorð:

Skýlt er að svara fasteignaskatti af ofangreindu íbúðarhúsnæði Heiðarskóla í Leirár- og Melasveit og hvílir sú skylda á eiganda.

  
Gaukur Jörundsson

  
Pétur Stefánsson

  
Guðmundur Magnússon